

Banani, baun og kubbur

Í ljósum logum

Sjúklingurinn vaknaði eftir aðgerð í herbergi þar sem öll gluggatjöld voru dregin fyrir.

„Af hverju er dregið fyrir?“ spurði sjúklingurinn lækinn sem var að athuga blóðþrýstinginn.

„Það er hús hinum megin við götuna sem stendur í ljósum logum og við vildum ekki að þú héldir þegar þú vaknaðir að aðgerðin hefði mistekist.“

Fæðing í sveitinni

Gamli héraðslæknirinn var kallaður á bæ lengst inni í afdal til að taka á móti barni. Bærinn var svo afskekktur að rafmagn var ekki að finna á næstu grösum.

Þegar læknirinn kom á staðinn var enginn heima nema konan sem var í barnsnaud og fimm ára sonur hennar. Læknirinn bað drenginn um að halda olíulampnum þannig að hann gæti séð betur þegar hann tæki á móti. Sonurinn gerði eins og honum var sagt og eftir skamma stund fæddist pattaralegur strákur. Læknirinn lyfti honum upp á fótunum og danglaði í afturendann til að fá þann nýfædda til að anda.

„Blessaður rassskelltu hann aftur,“ sagði strákurinn með lampann. „Hann hefði ekki átt að vera að skriða þarna inn hvort eð var.“

Kitlar í tunguna

Sjúklingurinn: „Hvað heldurðu að geti verið að mér, læknir? Mig kitlar svo í tunguna þegar hún kemur við brotna valhnetu sem er vafin inn í álpappír.“

Læknirinn: „Þú hefur allt of mikinn frítíma.“

Banani og baun

Maður á miðjum aldri skundaði inn á stofuna til læknisins með banana í öðru eyra og baun í annarri nösinni. Læknirinn horfði á manninn og spurði hvað mætti gera fyrir hann.

„Læknir, mér hefur ekki liðið vel upp á síðkastið.“

„Ja, ég fæ ekki betur séð en að þú borðir vitlaust,“ sagði læknirinn.

Legókubburinn

Pabbinn kom með son sinn til læknisins af því að sá stutti hafði troðið legókubb af stærri gerðinni upp í nösina á sér. Allan tímann sem læknirinn var að bjástra við að ná kubbum út tautaði pabbinn í sífellu: „Ég botna ekkert í því hvernig drengurinn fór að þessu.“ Loks tókst lækninum að ná kubbum út og feðgarnir héldu heim.

Nokkrum klukkustundum síðar kom faðirinn með sama kubbin í nösinni á sér.

„Nú veit ég hvernig drengnum tókst þetta.“

Heilbrigðara líf

„Þú verður strax að hætta að reykja, drekka áfengi og borða feitan mat,“ sagði læknirinn alvörubrungrinn.

„Mun ég þá lifa lengur?“ spurði Jón sem var gulur á puttunum, hóstandi, þunnur og alltof feitur.

„Það hef ég ekki hugmynd um,“ sagði læknirinn, „en þú deyrð þá alla vega hraustari og frískari.“

Á fæðingardeildinni

Tveir kettir sátu fyrir utan glugga á fæðingardeildinni og horfðu á hjúkrunarfræðinginn ganga á milli hvívoðunganna og láta vel að þeim. Þá mjálmaði annar kötturinn í eyra hins: „Hugsaðu þér, ef hún fengi nú að halda þeim öllum.“

Útbrunavörn

Læknarnir Lárus og Loftur tóku tal saman. Loftur var mjög þreytulegur og undraðist hve Lárus væri vel á sig kominn.

„Hvernig ferðu að því að líta svona vel út? Þú ert með jafnmarga sjúklinga og ég á degi hverjum og ekki er praxisinn þinn neitt léttari en minn nema síður sé. Tekur ekkert á þig að hlusta á kvartanir sjúklinganna daginn út og inn?“

„Loftur minn, hver segir að ég hlusti?“ sagði Lárus.

Í háloftunum


Lögfræðingur sat í miðsæti í flugvél og læknir sat við hliðina á honum við ganginn. Læknirinn kom sér þægilega fyrir, hallaði sætinu aftur og fór úr skónum. „Mikið lifandis ósköp langar mig í kók,“ sagði lögfræðingurinn. „Hvar er svo flugfreyjan þegar maður þarf á henni að halda?“

„Það er ekki málið,“ sagði læknirinn, „mér væri sönn ánægja að ná í kók fyrir þig.“

Á meðan læknirinn var í burtu tók lögfræðingurinn fram skóna hans og hrækti í þá. Sá fyrrnefndi kom svo til baka, rétti lögfræðingnum kókflöskuna og kom sér síðan vel fyrir á nýjan leik.

Þegar vélin var að lenda smeygði læknirinn sér í skóna og fann strax hvað hafði gerst.

„Á þessi rígur og rembingur milli starfsstétta okkar engan endi að taka?“ spurði læknirinn sessunaut sinn, „eins og að skyrpa í skó og pissa í kókflösku?“



Bjarni Jónasson

bjarni.jonasson@gb.hgst.is